



SÁLF3RS05(1)

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Réttarsálfræði
Námsáætlun

Vorönn 2026

Kennari:	Erla Brimdís Birgisdóttir (EBB) erla@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Viðfangsefni áfangans er það sérsvið sálfræðinnar sem kallast réttarsálfræði (forensic psychology). Réttarsálfræði er hagnýting sálfræðilegrar þekkingar í réttarfarslegum tilgangi, hvort sem hann varðar rannsóknir mála, yfirheyrslur, réttarhöld eða dóma. Áfanginn á að gefa yfirlit þessara þátta og er sérstaklega unnið með raunveruleg mál. Áhersla er lögð á að þjálfarar nemendur í vinnslu gagna, að draga fram aðalatriði, greina dæmin og koma þeim skilningi á framfæri. Einnig er mikilvægt að nemandi geti ályktað um önnur sambærileg dæmi út frá því sem unnið er með í tímum, t.d. varðandi stöðu mála á Íslandi ef unnið er með erlend mál og öfugt. Nemendur vinna bæði með mál einstaklinga, para og sérstaklega hópa sem sýna sterka frávíkshæðun sbr. „cult“.

Undanfari: SÁLF2IN05 eða áfangi á öðru þrepi í félagsgreinum.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- undirstöðum réttarsálfræðinnar, bæði í afbrigðasálfræði, lögfræði og í afbrotafræði
- sögu réttarsálfræðinnar
- helstu kenningum fræðigreinarinnar
- sérkennum réttarsálfræðinnar og þeim sérstöku aðferðum sem hún beitir
- þeim grunnatriðum sem réttarsálfræðin fær frá öðrum greinum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- vinna með helstu grunnhugtök réttarsálfræðinnar
- þekkja helstu mál réttarsálfræðinnar
- afla upplýsinga, greina þær og geta sett fram á skiljanlegu máli
- meta nýjar upplýsingar og fréttir á sviði réttarsálfræðinnar

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna úr einstökum dæmum og leggja sjálfstætt mat á þau
- sýna sjálfstæði, t.d. frumkvæði við að velja sér verkefni og vinna að þeim á ábyrgan máta
- álykta um gæði og galla þeirra heimilda sem unnið er með
- leggja siðferðilegt mat á þau alvarlegu mál sem nemendur vinna með

Námsefni:

- Efni frá kennara s.s
 - ljósrít,
 - myndbönd
 - hlaðvörp
 - gögn á netinu o.fl.,

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
2- 3	8. – 16. janúar	- Námsáætlun áfangans kynnt - - Hvað er réttarsálfræði - Réttarsálfræði – sagan, frumkvöðlar	Tímaverkefni Hópverkefni <u>Dreifnám</u>
4	19. - 23. janúar	- Persónuleikinn og afbrot	<u>Podcast - verkefni</u>
5 - 7	26. janúar - 13. febrúar	- Einkenni og flokkun afbrotamanna - Árásarhneigð - orsakir - Glæpapor	<u>Tímaverkefni</u> <u>Hópverkefni um glæpapor</u>
8 - 9	16. feb - 27. feb	- Költ og Incels <u>Miðannarmat lokaskil 20.febrúar.</u> <u>Vorfrí 23. – 24. febrúar.</u> <u>Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.</u>	<u>Tímaverkefni</u> <u>Skil á glæpaparaverkefni</u> <u>1. próf</u>
10 - 11	2. mars – 13. mars	- Árásarhneigð - Áræðanleiki og minnið - Falskar játningar <u>Áfangamessa 4. mars</u> <u>Valdagur 11. mars</u>	<u>Tímaverkefni</u> <u>Rannsóknarverkefni</u> <u>Hópverkefni</u>
12 - 13	16. mars – 27. mars	- Munchausen - heilkennið <u>Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.</u>	<u>PPT – verkefni</u>

14 -16	30. mars – 17. apríl	- Ofbeldi í nánum samböndum - Eltiðrellar - Réttarkerfið <u>1. – 6. apríl – Páskafrí</u>	<u>Tímaverkefni</u>
17 - 19	17. apríl – 8. maí	- Atburðir í sviðsljósinu - Samfélagsmiðlar og atburðir - Annað aukaefni frá kennara <u>23. apríl Sumardagurinn fyrsti</u>	<u>Heimildaverkefni</u> <u>Lokaverkefni lagt fyrir</u> <u>2. próf</u>
20 - 21	11. maí - 13. maí	- Vinna í lokaverkefni - Síðasti kennsludagur 13. maí	<u>Skráp/Sjúkrapróf</u> <u>Skil á lokaverkefni</u>

Sérreglur áfangans:

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að taka öll **2** aðalpróf hans og ná meðaleinkunninni 4,5 sem er jafnframt sú lágmarkseinkunn sem nemendur þurfa að ná sem heildareinkunn áfangans. Nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað. Kennara ber ekki skylda til að taka við verkefnum eftir að tilskilinn skiladagur þeirra er liðinn hjá.

Við alla vinnu skulu nemendur tala við kennara ef þeir ætla að nýta **gervigreind** í verkefnavinnu.

1. Í fyrsta lagi þarf að vísa í gervigreindina sem heimild, alveg sama hversu lítið verkefnið er. Ef hún er notuð þarf að vísa í hana.
2. Það þarf að fylgja með skjáskot af bæði spurningunni sem gervigreindin fékk, svarinu sem nemandi fékk og svo í framhaldi textann sem nemandi vann upp úr svarinu.
3. Kennari áskilur sér rétt til að óska eftir munnlegri skýringu frá nemanda ef notkun gervigreindar stenst ekki þessi viðmið.
4. Kennari áskilur sér líka rétt til að draga niður fyrir verkefnaskil þar sem grunur er á notkun gervigreindar en ekki farið eftir þessum viðmiðum.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf	2. kaflapróf á önninni	30%
Verkefnamappa	Tímaverkefni, podcast verkefni, hópverkefni í tíma	30%
Verkefni	Verkefni um glæpör	10%
Verkefni	Falskar játningar	5%
Verkefni	Heimildaverkefni – skilað á TurnItin	10%
Verkefni	Lokaverkefni	10%
Ástundun	Virkni, mæting og þátttaka	5%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Ath. að dagsetningar geta breyst. Tilkynnt verður um próf með a.m.k. viku fyrirvara, bæði í tímum og í Innu. Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.